



Skýrsla stjórnar NPA miðstöðvarinnar svf

Starfstímabilið 27. maí 2017 til 5. maí 2018

Skýrsla lögð fram á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar 5. maí 2018

Efnisyfirlit

1	Yfirlit starfstímabils	2
1.1	Pátttaka NPA miðstöðvarinnar í vinnu við smíði reglugerðar og handbókar um NPA.....	4
1.2	Aðild að ENIL og Freedom Drive.....	4
1.3	Fræðsla	5
1.4	Kynningarstarfsemi NPA miðstöðvarinnar	6
1.5	Mótun áherslna og viðbragða vegna #metoo byltingarinnar	6
1.6	Aðstoð við að sækja um NPA.....	7
2	NPA miðstöðin.....	7
2.1	Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar	7
2.2	Þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks og NPA notendur/félagsmenn	8
2.3	Fjöldi NPA aðstoðarfólks	8
2.4	Stjórn	8
2.4.1	Fjöldi stjórnarfunda	8
2.5	Starfsemi skrifstofu NPA miðstöðvarinnar	9
2.6	Tilfærsla bókhalds.....	9
2.7	Vefur NPA miðstöðvar og samfélagsmiðlar.....	10
2.8	Rekstur og fjárhagur	10

Skýrsla stjórnar

1 Yfirlit starfstímabils

Undanfarin ár hafa einkennst af óstöðugleika í íslenskum stjórnámálum, sem hefur haft margvísleg áhrif á íslenskt þjóðlíf og málefni. Eitt þeirra málefna varðar lögfestingu á notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) en fyrirhugaðri lögfestingu á NPA hefur verið frestað af þremur ráðherrum á jafn mörgum árum. Formleg málsmeðferð á NPA hófst á Alþingi í byrjun árs 2010 þegar Guðmundur Steingrímsson, þáverandi alþingismaður, hafði frumkvæði að því ásamt meðflutningsmönnum úr öðrum flokkum að leggja fram *Tillögu til þingsályktunar um notendastýrða persónulega aðstoð við fólk með fötlun*, en tillagan var samþykkt í júní 2010. Sú þverpólítíska samstaða sem varð um þessa þingsályktunartillögu hefur í raun haldist fram á þennan dag við alla málsmeðferð NPA og er það fagnaðarefni. NPA frumkvöðullinn í hópi fatlaðs fólks, Freyja Haraldsdóttir, var helsti hvatamaður og ráðgjafi Guðmundar við gerð og málsmeðferð þingsályktunarinnar auk margra annarra m.a. úr röðum fatlaðs fólks. Í apríl 2018 samþykkti Alþingi *lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir*, en 11. gr. þeirra laga fjallar um rétt fatlaðs fólks til NPA. Með þessum lögum hafa orðið ákveðin tímamót og náðst mikilvægur áfangi, en framundan eru áfram mörg verkefni er varða framgang NPA. Núna er staðan sú að lögin taka gildi 1. október 2018 og væntanleg er reglugerð og handbók velferðarráðuneytis um NPA auk þess sem sveitarfélög þurfa að uppfæra sínar NPA reglur. Skýrari reglur um starfsemi og hlutverk NPA umsýsluaðila verða settar, sem NPA miðstöðin mun kappkosta að mæta. Áfram er gert ráð fyrir innleiðingartímabili til ársins 2022 með kvótum á fjölda þeirra NPA samninga, sem ríkissjóður veitir auka framlag (25%) til í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var fullgiltur á Alþingi þann 20. september 2016, en hefur ekki enn verið lögfestur í íslensk lög, þrátt fyrir að íslensk stjórnvöld hafi skuldbundið sig til þess. Nokkur vegur er því í land með það að Ísland standist þær skuldbindingar sem samningurinn setur og tryggi þannig mannréttindi fatlaðs fólks og aðgengi þess og þátttöku í eigin hagsmunum. Það ástand er óviðunandi að mati NPA miðstöðvarinnar.

Liðið starfsár hjá stjórn NPA miðstöðvarinnar hefur að mörgu leyti einkennst af þátttöku stjórnar miðstöðvarinnar í vinnu og hagsmunabaráttu, sem er fólgin í ýmiskonar samráðsstarfi og fundum með stjórnarsýslunni, kjörnum fulltrúum, öðrum hagsmunasamtökum fatlaðs fólks og fulltrúum úr fötlunarfræðinni í Háskóla Íslands; Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum. Vinna hefur einnig verið lögð í það að reyna að flýta fyrir innleiðingu NPA með fjölgun samninga, skapa faglega umgjörð um NPA er einkennist af valdeflingu fatlaðs fólks, sjálfstæðu lífi og afstofnanavæðingu þjónustunnar við fatlað fólk. Stjórn miðstöðvarinnar hefur verið virk í þessari vinnu á starfstímabilinu og hefur það vonandi skilað sér í auknum áherslum og áhrifum fatlaðs fólks í mótun þeirrar löggjafar og reglna, sem mun koma til með að gilda um NPA.

Við stjórnarslitin haustið 2017 lágu fyrir Alþingi tvö frumvörp sem varða endurskoðun á félagsþjónustu sveitarfélaga og þjónustu við fatlað fólk, þar sem meðal annars var að finna ákvæði um lögfestingu á NPA. Ráðamenn lögðu áherslu á að lögfesta NPA fyrir kosningar en eftir sem áður tókst ekki að klára lögfestingu áður en gengið var til kosninga haustið 2017. Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar eftir kosningar kemur fram að „*ljúka þarf lögfestingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) og breytingu á lögum um málefni fatlaðs fólks.*“ Þá segir enn fremur að „*sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verður innleiddur.*“ Mikill vilji virtist vera fyrir því að klára lögfestingu á NPA fyrir áramótin 2017-2018, en sá vilji náði ekki fram að ganga. Nýr félags- og jafnréttismálaráðherra lagði á ný fram frumvörp um félagsþjónustu sveitarfélaga og þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir. Umsagnir sem hinir ýmsu hagsmunaaðilar sendu velferðarnefnd Alþingis við málsmeðferð frumvarpanna báru þess merki að nokkur ósamstaða var til staðar um ákvæði og efni þeirra. Auk þess sem margar af þeim breytingum sem þar voru kynntar höfðu að mati sumra ekki fengið fullnægjandi rýni, m.a. með tilliti til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Samhliða þessum frumvörpum kynnti ráðherra frumvarp um framlengingu á bráðabirgðaákvæði um NPA í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, en bráðabirgðaákvæðið átti að renna út 31. desember 2017. Ákvæðið var framlengt til ársloka 2018, eða þar til nýju lögin um réttinn til NPA taka gildi, sem nú er liggur fyrir að verður 1. október 2018.

Þrátt fyrir að rétturinn til NPA hafi ekki verið lögfestur gerði framlenging á bráðabirgðaákvæðinu nú ráð fyrir fjölgun samninga, í fyrsta sinn frá því innleiðing á NPA hófst. Samkvæmt fjárlögum Alþingis fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir 140 milljóna króna

viðbótarframlagi til NPA þannig að NPA samningar geti orðið allt að 100 talsins á árinu. Hins vegar hafa ríki og sveitarfélög á fyrstu fjórum mánuðum ársins ekki enn komið sér saman um hvernig rétt sé að forgangsraða og framkvæma fjölgun NPA samninga. Margir bíða því enn um sinn með að fá NPA samning hjá sínu sveitarfélagi, en NPA miðstöðin hefur lagt mikla vinnu í að ýta á eftir fjölgun samninga og hvatt fatlað fólk til þess að sækja um NPA.

1.1 Þátttaka NPA miðstöðvarinnar í vinnu við smíði reglugerðar og handbókar um NPA

Í nóvember árið 2017 var myndaður samráðshópur með fulltrúum NPA miðstöðvarinnar, ÖBÍ, Landssamtakanna Þroskahjálpar, Tabú og fulltrúa úr fötlunarfræðinni í Háskóla Íslands vegna lagafrumvarpa sem tengjast NPA, vinnu við reglugerð um NPA og handbók um NPA o.fl. Þetta samráð reyndist vel gagnvart Alþingi og hefur reynst vel í þeirri vinnu sem nú fer fram innan ráðuneytisins við gerð reglugerðar og handbókar um NPA. Stefnt mun vera að því að þessari vinnu ljúki á fyrri hluta ársins 2018 og nefnd stjórnvaldsfyrirmæli verði birt samhliða gildistöku laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

1.2 Aðild að ENIL og Freedom Drive

Á liðnu starfstímabili gerðist NPA miðstöðin formlegur aðili að Evrópusamtökum um sjálfstætt líf (European Network of Independent Living, ENIL). Dagana 24.-28. september 2017 tóku fulltrúar NPA miðstöðvarinnar svo þátt í Freedom Drive, sem haldið er á vegum ENIL í Brussel, Belgíu. Þar sameinaðist fjöldi fatlaðs fólks og stuðningsmanna þeirra víðsvegar að úr Evrópu til þess að vekja athygli á réttindum sínum til sjálfstæðs lífs ásamt því að mæta á fyrirlestra og pallborðsumræður um málaflokkinn.

Freedom Drive, gangan og tengdir viðburðir, er haldin á tveggja ára fresti. Þar gefst þátttakendum m.a. tækifæri á að hitta fulltrúa Evrópuþingsins og vekja athygli á mannréttindum auk þess að deila reynslu og hugmyndum með öðrum mannréttindafrumkvöðlum og aktívistum víðs vegar að frá ríkjum Evrópu. Freedom Drive nær svo hámarki með kröfugöngu þar sem þátttakendur ganga um miðborg Brussel, frá Evrópuþinginu til aðseturs Framkvæmdastjórnar Evrópuráðsins, til að senda ráðamönnum og stefnumótendum í málaflokknum skýr skilaboð um mikilvægi jafnra mannréttinda, jafnra tækifæra, borgaralegra réttinda og sjálfstæðs lífs fyrir fatlað fólk í Evrópu.

„Freedom Drive kröfugangan er leið fyrir fatlað fólk til þess að gera sig sýnilegt fyrir ákvörðunarvaldhöfum í Evrópu og tryggir að okkar réttindi og okkar málefni séu tekin alvarlega.“

- Zara Todd, nýr formaður ENIL

Þrátt fyrir að Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SSRFF) hafi verið við lýði í yfir 10 ár er fötluðu fólki enn mismunað. Þátttaka NPA miðstöðvarinnar var meðal annars til þess að sýna stuðning í verki við fatlað fólk í Evrópu en einnig til þess að vekja athygli á því að rétturinn til sjálfstæðs lífs hefur enn ekki verið lögfestur á Íslandi. Þá hafi Alþingi ekki enn lögfest samnings Sameinuðu þjóðanna þrátt fyrir að hann hafi verið fullgiltur. Í tengslum við þátttöku sína á Freedom Drive birti miðstöðin reglulega fréttir og skilaboð til stjórnvalda þar sem þingheimur var hvattur til þess að lögfesta NPA. Vísað var til þess að Ísland hafi þegar skuldbundið sig til þess að lögfesta notendastýrða persónulega aðstoð með vísan til 19. greinar SSRFF. Þá var enn fremur bent á að á árinu 2018 mun nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna um samning SP um réttindi fatlaðs fólks framkvæma sína fyrstu úttekt á stöðu innleiðingarinnar á Íslandi og því er brýnt að stjórnvöld klári lögfestingu NPA án tafar.

Kröfugöngunni Freedom Drive var svo fylgt eftir með ráðstefnu sem bar yfirskriftina „*Sjálfstætt líf: Rödd fyrir alla! (e. Independent Living: A Voice for All!)*“. Evrópuráðherra atvinnu- og félagsmála, Marianne Thyssen, opnaði ráðstefnuna.

Þátttaka NPA miðstöðvarinnar í Freedom Drive var afar vel heppnuð. Fulltrúar miðstöðvarinnar kynntust fjölda þátttakenda, meðal annars frá systurfélagi NPA miðstöðvarinnar í Noregi, ULOBA, og JAG í Svíþjóð. NPA miðstöðin mun halda áfram að hlúa að þessu mikilvæga tengslaneti.

1.3 Fræðsla

Á liðnu starfsári hefur NPA miðstöðin haldið áfram að byggja upp fræðslustarfsemi sína. Miðstöðin hefur staðið fyrir fjölda jafningjafræðslufunda á árinu þar sem félagsfólki miðstöðvarinnar hefur gefist kostur á að spjalla og ráðfæra sig við hvert annað um málefni og framkvæmd NPA. Á jafningjafræðslufundum hefur einnig verið boðið upp á fyrirlestra og hafa þeir t.d. fjallað um hugmyndafræðina um sjálfstætt líf, skipulag og utanumhald NPA samninga, samskipti og verkstjórn, sumarfrí og ferðalög með NPA og um hvað 5% í NPA vinnustundinni snúast. Miðstöðin hefur jafnframt haldið námskeið fyrir aðstoðarfólk, annars vegar í skyndihjálpi þar sem fatlaður einstaklingur er sá sem veita þyrfti skyndihjálpi og einnig

námskeið í hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf. Leggja þarf enn meiri áherslu á fræðslumálin, en þau mál eru að töluverðu leyti háð því að félagsmönnum fjölgi í NPA miðstöðinni.

1.4 Kynningarstarfsemi NPA miðstöðvarinnar

NPA miðstöðin hefur lagt áherslu á að vera sýnilegri á undanförunum misserum, bæði til þess að vekja athygli á réttinum til sjálfstæðs lífs og hugmyndafræðinni sem býr þar að baki. Jafnframt hefur miðstöðin viljað auka sýnileika NPA miðstöðvarinnar sjálfrar og þeirrar þjónustu sem hún veitir félagsmönnum sínum. Facebook síða NPA miðstöðvarinnar hefur verið afar virk og vel við haldið. Einnig stendur NPA miðstöðin á bak við hóp á Facebook sem ber nafnið Sjálfstætt líf og NPA á Íslandi sem er kjörinn vettvangur fyrir fólk að deila upplýsingum og skiptast á skoðunum. NPA miðstöðin hefur einnig birt svipmyndir af starfi miðstöðvarinnar og fréttir af NPA á Instagram og Twitter og félagsmenn miðstöðvarinnar hafa öðru hvoru notað aðgang að Snapchat reikningi NPA miðstöðvarinnar til þess að veita innsýn í líf sitt sem NPA notanda. Notendanafn NPA miðstöðvarinnar á ofangreindum miðlum er npamidstodin.

Haldinn var opinn jafningja- og kynningarfundur í mars 2018 sem bar yfirskriftina NPA í stuttu máli. Farið var yfir hugmyndafræði NPA, mikilvæg atriði við verkstjórn NPA og fyrirlesarar lýstu jafnframt hvernig NPA hefur tryggt þeim sjálfstætt líf og breytt þeirra lífi.

Nokkur vinna hefur farið í að útbúa kynningargögn fyrir NPA miðstöðina. Kynningargögnin eru þrjúþætt. Í fyrsta lagi kynningargögn fyrir NPA notendur um verkstjórn, sjálfstætt líf og samstarf við umsýsluaðila. Í öðru lagi kynningargögn fyrir NPA aðstoðarfólk um sjálfstætt líf og hlutverk aðila í NPA. Í þriðja lagi eru svo kynningargögn fyrir sveitarfélög um hlutverk umsýsluaðila í NPA og samstarf við sveitarfélög. Kynningargögnin eru liður í því að gera NPA gagnsærra og aðgengilegra með umsýsluaðila eins og NPA miðstöðinni.

1.5 Mótun áherslna og viðbragða vegna #metoo byltingarinnar

Á undanförunum misserum hafa konur víðsvegar að úr heiminum stigið fram og sagt frá kynbundnu- og kynferðislegu áreiti og ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir undir yfirskriftinni #meetoo á samfélagsmiðlum. Frásagnir þessara kvenna hafa hrundið af stað vitundarvakningu um ofbeldi gangvart konum og meðal annars vinnustaðamenningu þar sem slíkt ofbeldi hefur viðgengist.

NPA miðstöðin hefur fylgst náið með þeirri umræðu, bæði vegna þess að umræðan sem slík er nauðsynleg og tímabær en einnig vegna þess að fatlaðar konur eru í sérstakri hættu um að verða fyrir kynbundnu- og kynferðislegu áreiti og ofbeldi. Að mati NPA miðstöðvarinnar er mikilvægt að taka afstöðu í þessu máli og hafa þá afstöðu sýnilega. Miðstöðin hefur því ákveðið að hefja vinnu við að móta áherslur, siðareglur, viðmið og viðbragðsáætlanir sem taka á hvers konar kynbundnu- eða kynferðilegu ofbeldi. NPA miðstöðin leggur mikla áherslu á að vanda til verka við þessa vinnu og hefur óskað eftir því að Inga Björk Bjarnadóttir leiði þá vinnu fyrir hönd miðstöðvarinnar.

1.6 Aðstoð við að sækja um NPA

NPA miðstöðin hefur haft í nógu að snúast við að leiðbeina fólki sem hefur áhuga á að sækja um NPA á þessu ári. Nú er lögfesting á NPA handan við hornið og því margir farnir að huga að því að geta loksins sótt um og fengið NPA. Miðstöðin hefur hvatt alla sem til hennar leita til þess að sækja formlega um NPA hjá sínum sveitarfélögum. Mælumst við til þess bæði svo að sveitarfélög séu betur meðvituð um þörfina fyrir NPA auk þess sem sveitarfélög kunna að horfa til þeirra sem sækja um fyrst við úthlutun NPA samninga, ef fjölgun samninga verður forgangsraðað. NPA miðstöðin hefur boðist til þess að aðstoða áhugasama um að sækja um NPA gegn vilyrði um að þeir gerist félagsmenn í miðstöðinni ef umsóknin leiðir til þess að NPA samningur er gerður. Þegar miðstöðin veitir aðstoð við að sækja um NPA samning hjá sveitarfélagi er gerður svokallaður meðlimasamkomulag milli þess sem hyggst sækja um NPA og miðstöðvarinnar.

2 NPA miðstöðin

2.1 Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar

Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar, þ.e. NPA notendur sem eru með NPA umsýslu sína hjá miðstöðinni, eru nú 16 en voru 13 á síðasta aðalfundi þann 27. maí 2017. Af þeim eru tveir félagsmenn með beingreiðslusamning, en þeir eru meðhöndlaðir á sama hátt hjá miðstöðinni og NPA samningar með tilliti til umsýslunnar. Hinir 14 eru félagsmenn með NPA samninga.

2.2 Þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks og NPA notendur/félagsmenn

Sveitarfélög á landinu tilheyra öll einhverju hinna 15 þjónustusvæða, sem mynduð voru vegna þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar, 16 að tölu, skiptast niður á sex þjónustusvæði; Reykjavík, Mosfellsbær (Þjónustusvæði Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps), Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Borgarnes (Þjónustusvæði vesturlands) og Dalvík (Þjónustusvæði Norðurlands vestra).

2.3 Fjöldi NPA aðstoðarfólks

Um síðustu áramót gegndu 58 stöðu NPA aðstoðarfólks hjá félagsmönnum NPA miðstöðvarinnar, í mismunandi starfshlutföllum.

2.4 Stjórn

Á aðalfundi NPA miðstöðvar 27. maí 2017 voru gerðar breytingar á samþykktum NPA miðstöðvarinnar hvað varðar stjórn félagsins. Aðalmönnum í stjórn var fækkað úr fimm í þrjá en varamenn eru áfram þrír, þar sem lög um samvinnufélög gera ráð fyrir að þeir séu ekki færri.

Á aðalfundinum voru þessi kjörin í stjórn og skiptu þau með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi nýkjörinnar stjórnar þann 8. júní 2017:

- Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður
- Hallgrímur Eymundsson, gjaldkeri
- Ragnar Gunnar Þórhallsson, ritari

Varafulltrúar í stjórn voru kjörnir:

- Ásdís Jenna Ástud. Ástráðsdóttir, 1. varamaður
- Áslaug Ýr Hjartardóttir, 2. varamaður
- Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, 3. varamaður

2.4.1 Fjöldi stjórnarfunda

Á starfstímabilinu voru haldnir 14 stjórnarfundir; níu á árinu 2017 og fimm á árinu 2018.

2.5 Starfsemi skrifstofu NPA miðstöðvarinnar

Umsvifin á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar hafa aukist umtalsvert á liðnu ári. Stjórn NPA miðstöðvarinnar hefur tekið aukinn þátt í daglegu starfi miðstöðvarinnar, meðal annars með aðkomu að þátttöku við gerð kynningargagna og setu í starfshópum sem taka þátt í mótun og gerð þess regluverks sem mun koma til með að gilda um NPA.

Silja Ástþórsdóttir, verkefnastjóri, heldur utan um fræðslu- og kynningarstarfsemi NPA miðstöðvarinnar, sinnir upplýsingaflæði á samfélagsmiðlum ásamt því að veita félagsmönnum almenna þjónustu og ráðgjöf. Hjörtur Eysteinnsson gegnir starfi skrifstofustjóra miðstöðvarinnar.

2.6 Tilfærsla bókhalds

Stærsta verkefni skrifstofu NPA miðstöðvarinnar á liðnu ári fólst í því að taka yfir allt launabókhald miðstöðvarinnar og færa það yfir á skrifstofu miðstöðvarinnar. Bókhald og öll launaumsýsla miðstöðvarinnar hafði áður verið unnin af Cilian ehf, bókhaldsþjónustu, og BDO ehf, endurskoðunarfyrtæki.

NPA miðstöðin hafði um langa hríð lagt áherslu á að bókhaldið yrði með tímanum fært inn til miðstöðvarinnar og hafði undirbúningur þess staðið yfir um nokkurt skeið. Yfirfærsla fór fram í skrefum haustið 2017 og var lokið í nóvember sama ár. Allar launakeyrslur miðstöðvarinnar fara nú fram frá skrifstofu NPA miðstöðvarinnar, en Cilian ehf. gegnir þó enn hlutverki bókara miðstöðvarinnar og BDO annast gerð ársreikninga miðstöðvarinnar.

Yfirfærslan var afar vel heppnuð og gerir NPA miðstöðinni enn betur kleift að veita NPA aðstoðarfólki og félagsmönnum, þ.e. NPA notendum, góða þjónustu og ráðgjöf. Vonir standa til þess að með tímanum geti NPA miðstöðin þróað vefsíðu eða hugbúnað sem auðveldar þessa vinnu og gerir hana gegnsærri. Þannig mætti gera notendum auðveldar með að fylgjast með raunkostnaði hvernar vinnustundar og hvernar vaktar á hverjum tíma, svo notendur geti betur áttað sig því svigrúmi sem þeir hafa til þess að skipuleggja vaktir. Fjölgun félagsmanna er hins vegar skilyrði fyrir því að unnt sé að þróa og auka þjónustu NPA miðstöðvarinnar.

2.7 Vefur NPA miðstöðvar og samfélagsmiðlar

Vefur NPA miðstöðvarinnar hefur að geyma lykil upplýsingar um miðstöðina, hlutverk og starfsemi. Vefurinn tók ekki miklum breytingum á starfstímabilinu þar sem megináhersla hefur verið lögð á samfélagsmiðla á liðnu tímabili.

2.8 Rekstur og fjárhagur

NPA miðstöðin svf. er samvinnufélag, sbr. lög nr. 22/1991 um samvinnufélög. Um eignarhald og ágóða er fjallað í 12. gr. samþykktu miðstöðvarinnar, sem hljóðar svo: „Félagið er í eigu félagsmanna og skal starfrækt án fjárhagslegs ágóðasjónarmiðs og skal félagsmönnum ekki greiddur út arður af starfseminni.“

Tap, 682 þúsund kr., sem varð af starfseminni skv. ársreikningi fyrir árið 2017, verður flutt yfir á næsta rekstrarár, árið 2018, en tapið var fyrirsjáanlegt með hliðsjón af umfangi starfseminnar á síðasta ári, uppbyggingar á þjónustu og innviðum félagsins.

Stjórn og starfsfólk NPA miðstöðvarinnar þakkar félagsmönnum, NPA aðstoðarfólki og hinum fjölmörgu samstarfsaðilum hjá ríki, sveitarfélögum, stéttarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum og einstaklingum fyrir samskiptin á liðnu starfstímabili.